

# Úrgangsmál hafna

---

FLOKKUN ÚRGANGS OG  
ENDURVINNSLA  
VEIÐARFÆRA

# Handbók um úrgangsstjórnun

UMHVERFIS  
STOFNUN

SAMBAND ÍSLENSKRA  
SVEITARFELAGA



## HANDBÓK UM ÚRGANGSSTJÓRNUN

Unnið af  
**VSÓ RÁDGJÖF**  
2. útgáfa  
Október 2022

# Handbók um framkvæmd úrgangsstjórnunar

Bætt meðhöndlun úrgangs frá skipum:  
Útbúin verða viðmið um móttöku  
úrgangs frá skipum í samráði við hafnir  
og Umhverfisstofnun.

Tryggt verður að söfnun á  
veiðarfæraúrgangi sé aðgengileg  
notendum og kostnaður vegna söfnunar  
og meðhöndlunar á veiðarfæraúrgangi  
verði greiddur af þeim sem bera  
framlengda framleiðendaábyrgð á þeim  
úrgangi.

# Flokkun úrgangs frá skipum

# Móttaka úrgangs frá skipum

Hafnarstjórn er skylt að koma upp viðunandi aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum, en Umhverfisstofnun hefur eftirlit með með aðstöðu í höfnum og staðfestir áætlanir hafnaryfirvalda um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa. Markmiðið er að vernda umhverfi sjávar og draga úr losun úrgangs og farmleifa í sjó frá skipum.



**Skyldur aðila**



**Eftirlit**



**Sóttvarnir**

# Lög um meðhöndlun úrgangs

**Sérstök söfnun heimilísúrgangs:** Sveitarfélög bera ábyrgð á söfnun og flutningi heimilísúrgangs hvort sem hann fellur til á heimilum eða hjá rekstraraðilum. Þjónustan er útfærð af hverju sveitarfélagi og fellur ábyrgðin ekki niður þó að sveitarfélagið ákveði að bjóða þjónustuna út og henni sé sinnt af þjónustuaðila.

**Skylt er að safna með sérstakri söfnun vegna heimilísúrgangs pappír og pappa, plasti, málmum, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum**

Það er hlutverk rekstraraðila, sem rekstrarúrgangur fellur til hjá, að sjá um flutning úrgangsins til meðhöndlunar.

**Móttöku- og söfnunarstöðvar:** Sveitarfélög bera ábyrgð á að starfsræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Stöðvarnar eru ýmist reknar af sveitarfélaginu sjálfu eða í gegnum þjónustusamning við einkaaðila. Rekstur stöðvanna getur verið í samstarfi við önnur sveitarfélög.

**Farvegir fyrir úrgang:** Sveitarfélagi ber að hafa tiltækan farveg fyrir allan úrgang sem fellur til hjá einstaklingum og lögaðilum innan sveitarfélagsins en þeir farvegir þurfa ekki allir að vera staðsettir innan sveitarfélagsins sjálfs. Í einhverjum tilfellum eru þó dæmi um að rekstraraðilar sjái sjálfir um meðhöndlun sérstaks úrgangs sem fellur til hjá þeim, enda geta þeir verið í slíkum tilfellum best til þess fallnir.

**Svæðisáætlun:** Sveitarfélög skulu leggja fram áætlanir um hvernig markmiðum verði náð og vinna svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs til 12 ára í senn.

**Samþykkt um meðhöndlun úrgangs:** Sveitarfélög skulu skilgreina réttindi og skyldur íbúa og rekstraraðila með því að setja sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Í samþykkt um meðhöndlun úrgangs skal útfæra hvernig sérstök söfnun fer fram og skilgreina réttindi og skyldur einstaklinga og rekstraraðila er varðar flokkun úrgangs, ílát undir úrgang, staðsetningu þjónustu, merkingar og nánara fyrirkomulag. Í henni er einnig hefð fyrir að útfæra gjaldheimtu sveitarfélags og hvaða aðgerðir er ráðist er í til að fylgja eftir að rétt sé flokkað.

# Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda

## **11. gr. Móttaka úrgangs og farmleifa frá skipum í höfnum.**

Hafnarstjórn skal koma upp viðunandi aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í öllum höfnum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er jafnan koma í viðkomandi höfn.

Hafnarstjórn er heimilt að fela þjónustuaðila með samningi umsjón með móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.] 1)

## **11. gr. c. Úrgangsgjald.**

Öll skip, að undanskildum fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskipum, hjálparskipum í flota ... 1) og skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sem koma til hafnar skulu greiða gjald fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum, sbr. f-lið 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.

Gjaldið skal standa undir kostnaði við aðstöðu fyrir móttöku úrgangs frá skipum, kostnaði við meðhöndlun og förgun úrgangs frá skipum sem og kostnaði við eftirlit Umhverfisstofnunar. Við ákvörðun fjárhæðar gjalds skal tekið mið, eftir því sem við á, af fjölda skipverja og farþega um borð, lengd sjóferðar og stærð skips.

Gjald skv. 1. mgr. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Veita má undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. mgr. fyrir skip í áætlunarsiglingum sem hafa tíða og reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í einhverri höfn á siglingaleiðinni.

# Hafnalög

## 17. gr. Gjöld.

### f. Gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs og farmleifa frá skipum.

Gjaldtakan tekur til allra skipa sem koma til hafnar, að undanskildum fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskipum, hjálparskipum í flota, skipum sem þjónusta fiskeldi og skipum í ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sbr. 11. gr. og 11. gr. a – 11. gr. d laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004. Skyld er að innheimta gjald samkvæmt þessum tölulíð. Gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs skal standa undir kostnaði við aðstöðu fyrir móttöku úrgangs frá skipum, kostnaði við meðhöndlun og förgun úrgangs frá skipum sem og kostnaði við eftirlit Umhverfisstofnunar. Við ákvörðun fjárhæðar gjalds skal tekið mið, eftir því sem við á, af fjölda skipverja og farþega um borð, lengd sjóferðar og stærð skips.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 2. mgr. er höfnum skylt að innheimta gjöld sem skulu standa undir kostnaði við móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs og farmleifa frá skipum sem og eftirliti Umhverfisstofnunar með aðstöðunni, sbr. 11. gr. og 11. gr. a – 11. gr. d laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.] 2)

### 9. Sorpgjöld sem skulu standa straum af kostnaði við sorphirðu frá skipum og fyrirtækjum á hafnarsvæði, sem og eyðingu sorpsins.

Gjaldtaka hafna skv. 2.–10. tölul. 2. mgr. skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt sameiginlegum kostnaði, eftir því sem við á.

Notendur hafnar geta krafist hafnarstjórn upplýsinga um afkomu hafnar og um almennar forsendur gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá.



# Lög um úrvinnslugjald

## 3. gr. Almennt um gjaldtöku.

Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

Úrvinnslugjald er lagt á ökutæki, hjólbarða, pappa-, pappír- og plastumbúðir, heyrúlluplast, spilliefni og raftæki.

**Leggja á úrvinnslugjald á veiðarfæri en fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja við Úrvinnslusjóð um ráðstafnir til að tryggja úrvinnslu úrgangs á veiðarfærum úr gerviefnum (plasti). Þá eru fyrirtæki undanþegin gjaldtöku úrvinnslugjalds og standa í staðinn undir kostnaði við endurvinnslu veiðarfæranna.**

Í slíkum samningi skal koma fram verklýsing þar sem m.a. eru upplýsingar um söfnun, flutninga, meðhöndlun úrgangs, ráðstöfun hans, umsjón og stjórnun, upplýsingasöfnun og skýrslugjöf. Þá skulu, áður en gengið er frá samningi, liggja fyrir upplýsingar um magn úrgangs, hvernig kerfið mun vera fjármagnað, aðgang handhafa úrgangs að kerfinu og greiðslu umsýslugjalds til Úrvinnslusjóðs.

# Lög um hollustuhætti og mengunar- varnir

Framleiðendur og innflytjendur veiðarfæra sem innihalda plast bera ábyrgð á þeim veiðarfærum sem innihalda plast sem framleidd eru hér á landi eða flutt eru inn. Í ábyrgðinni felst að þeir skulu fjármagna sérstaka söfnun veiðarfæra sem innihalda plast sem handhafar þeirra losa sig við í móttökuaðstöðu hafna fyrir úrgang og farmleifar frá skipum, sbr. lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, eða í önnur sambærileg söfnunarkerfi. Í ábyrgðinni felst jafnframt að fjármagna meðhöndlun úrgangs sem er safnað í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Framleiðendur og innflytjendur veiðarfæra sem innihalda plast skulu jafnframt fjármagna eftirfarandi fræðslu og upplýsingagjöf til notenda veiðarfæra sem innihalda plast um:

- úrgangsforvarnir, þ.m.t. um möguleika til endurnotkunar veiðarfæra,
- rétta meðhöndlun veiðarfæra þegar þau eru orðin að úrgangi, þ.m.t. um söfnunarkerfi sem til staðar er, og
- áhrif þess að losa veiðarfæri annars staðar en í viðunandi söfnunarkerfi og áhrif annarrar ófullnægjandi meðhöndlunar þeirra þegar þau eru orðin að úrgangi, einkum áhrif þeirra á sjávarumhverfi.

Framleiðendur og innflytjendur veiðarfæra sem innihalda plast bera ábyrgð á þeim veiðarfærum sem innihalda plast sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka XVII. Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna söfnun veiðarfæra sem innihalda plast þegar þau eru orðin að úrgangi, fjármagna upplýsingagjöf og fjármagna hreinsun á rusli á víðavangi, sbr. 37. gr. h laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

# Marpol samningurinn

Ísland hefur staðfest viðauka V við MARPOL samninginn, en sá viðauki fjallar um varnir gegn sorpmengun frá skipum. Samkvæmt ákvæðum viðaukans er reglan sú að bannað er að losa úrgang í hafið nema það sé sérstaklega heimilt. Heimilt er að losa kvarnaðan matarúrgang utan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar og ókvarnaðan matarúrgang utan tólf sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar. Einungis má losa í hafið utan 12 sjómílna farmleifar sem ekki eru skaðlegar umhverfi hafsins og ekki reynist unnt að endurheimta við affermingu með hefðbundnum leiðum. Einungis má losa í hafið hreinsiefni eða aukefni sem notuð eru í lest, á þilfari og þvottavatn af yfirborðsflötum ef þau innihalda ekki efni sem geta verið skaðleg umhverfi hafsins. Dýrahæ skal losa í sjó eins langt frá landi og hægt er þegar skipið er á ferð, en þó skilyrði að um sé að ræða dýr sem flutt hafa verið sem farmur og hafa dáið um borð. Strangari reglur gilda um losun úrgangs í hafið innan sérhafsvæða.

Allan annan úrgang, þ. á m. plastefni, úrgang frá vistarverum, matarolíu, ösku úr brennsluofnum, rekstrarúrgang og veiðarfæri, er óheimilt að losa í hafið.

Um borð í sérhverju skipi sem er 400 brúttótonn eða stærra og í sérhverju skipi sem er skráð til að flytja 15 manns eða fleiri, skal vera sorpdagbók. Skal sorpdagbókin vera samkvæmt þeirri fyrirmynd sem mælt er fyrir um í viðbæti við V. viðauka MARPOL-samningsins. Umhverfisstofnun gefur út sorpdagbók fyrir íslensk skip og er hægt að nálgast eintak af henni í afgreiðslu stofnunarinnar.



Það sem  
við vitum

---

Sveitarstjórn ber ábyrgð á úrgangsmálum í sveitarfélögum bæði gagnvart heimilum og rekstraraðilum

---

Hafnir þurfa að tryggja móttöku úrgangs frá skipum

---

Hafnir eiga að rukka fyrir allan kostnað sem þeir verða fyrir vegna móttöku úrgangs – þó ekki ef það er úrvinnslugjald!

Það sem er  
óljóst

---

Hvernig eiga áhafnir að flokka úrgang?

---


Hvernig á að skrá móttöku úrgangs hjá skipum sem þurfa ekki að halda sorpdagbók?

---

Hvað gerist ef ekki er samræmi milli allra þessara laga?

- **SFS sendi bréf til stjórnar Hafnasambandsins árið 2021 þar sem sagði meðal annars:** „SFS vilja hvetja Hafnasambandið til að vinna að **samræmingu á verklagi** og tryggja aðstöðu í höfnum fyrir skip til að skila af sér flokkuðu sorpi. Og ennfremur að tryggja að móttökuaðilar hafna séu í stakk búnir að koma úrgangi sem kemur flokkaður að landi, til endurvinnslu.“
- **Í Handbók um framkvæmd úrgangsstjórnunar segir:** „Bætt meðhöndlun úrgangs frá skipum: Útbúin verða **viðmið um móttöku úrgangs** frá skipum í samráði við hafnir og Umhverfisstofnun.“

Fljótlegasta leiðin til árangurs er  
að vinna saman að samræmdu  
verklagi í samvinnu við  
Umhverfisstofnun og SFS





Endurvinnsla veiðarfæra

Þessi grein er rúmlega 2 manna gömul.

## Sjávarútvegurinn lætur aðra borga fyrir að koma úrgangi í endurvinnslu

Fyrirtækið sem tekur við veiðarfæraúrgangi frá útgerðinni ekki með starfsleyfi til þess.

### Fréttir

9. desember 2020 07:00



Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson  
bjartmar@stundin.is

Della

Like 135 Share

Tweet

stundin.is/FD0e



### Mest lesið



1

Talsmenn Róberts tvisaga um verk-smiðjuna í Vatnsmýrinni: Myljandi hagn-

FRÉTTIR



2

Kolbeinn sendir frá sér vflrísingu: Játar

Samtök félaga í sjávarútvegi, þá LIÚ, gerðu samning við Úrvinnslusjóð árið 2005 að samtökin myndu sjálf bera ábyrgð á úrvinnslu á öllum þeim veiðarfærum sem notuð væru á Íslandi og væru úr plasti. Með samningi SFS greiða fyrirtæki í sjávarútvegi ekkert úrvinnslugjald af veiðarfærum úr plasti til Úrvinnslusjóðs. Í samningnum kemur fram að Úrvinnslusjóði sé ekki heimilt að segja upp samningnum við SFS nema að sammingsbrot eigi sér stað.

### Ítrekað frestað umræðum

Þessi grein er rúmlega 2 manna gömul.

## Sjávarútvegurinn undanþeginn nýjum lögum um hringrásarhagkerfið

Sjávarútvegurinn hefur sloppið við að greiða hundruð milljóna króna í úrvinnslugjald vegna sérsamnings.

### Rannsókn

Endurvinnsla á Íslandi

22. Júní 2021 07:00



Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson  
bjartmar@stundin.is

Della

Like 510 Share

Tweet

stundin.is/FD7W

Efnisorð

Endurvinnsla á Íslandi

### Mest lesið



1

Talsmenn Róberts tvisaga um verk-smiðjuna í Vatnsmýrinni: Myljandi hagn-

FRÉTTIR



Sleppa við gríðarlega háar greiðslur Sjávarútvegurinn er einn undanþeginn úrvinnslugjaldi, og sleppur því við að greiða háar fjárhæðir vegna veiðarfæra sem hent er.

MYND: HEIÐA HELGADÓTTIR

Veiðarfæri verða undanþeginn úrvinnslugjaldi, ólíkt öllum öðrum vörum, samkvæmt nýsamþykktum lögum um hringrásarhagkerfi. Með því sleppur sjávarútvegurinn við að greiða hundruð milljóna í úrvinnslugjald.

Ný lög voru samþykkt á Alþingi fyrir stuttu sem setja frekari skilyrði á

# Lög um hollustuhætti og mengunar- varnir


Framleiðendur og innflytjendur veiðarfæra sem innihalda plast bera ábyrgð á þeim veiðarfærum sem innihalda plast sem framleidd eru hér á landi eða flutt eru inn. Í ábyrgðinni felst að þeir skulu fjármagna sérstaka söfnun veiðarfæra sem innihalda plast sem handhafar þeirra losa sig við í móttökuaðstöðu hafna fyrir úrgang og farmleifar frá skipum, sbr. lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, eða í önnur sambærileg söfnunarkerfi. Í ábyrgðinni felst jafnframt að fjármagna meðhöndlun úrgangs sem er safnað í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Framleiðendur og innflytjendur veiðarfæra sem innihalda plast skulu jafnframt fjármagna eftirfarandi fræðslu og upplýsingagjöf til notenda veiðarfæra sem innihalda plast um:

- úrgangsforvarnir, þ.m.t. um möguleika til endurnotkunar veiðarfæra,
- rétta meðhöndlun veiðarfæra þegar þau eru orðin að úrgangi, þ.m.t. um söfnunarkerfi sem til staðar er, og
- áhrif þess að losa veiðarfæri annars staðar en í viðunandi söfnunarkerfi og áhrif annarrar ófullnægjandi meðhöndlunar þeirra þegar þau eru orðin að úrgangi, einkum áhrif þeirra á sjávarumhverfi.

Framleiðendur og innflytjendur veiðarfæra sem innihalda plast bera ábyrgð á þeim veiðarfærum sem innihalda plast sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn og falla undir viðauka XVII. Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna söfnun veiðarfæra sem innihalda plast þegar þau eru orðin að úrgangi, fjármagna upplýsingagjöf og fjármagna hreinsun á rusli á víðavangi, sbr. 37. gr. h laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

## Margt jákvætt í samningsdrögum


- **Veiðarfæragerðir** eru nú hluti af samningnum
- **Söfnunarhlutfall skal vera 80%** og þar af skal senda 80% til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar skv. forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.
- Með samningi þessum skuldbinda SFS og veiðarfæragerðir sig til að fjármagna, skipuleggja söfnun og tryggja úrvinnslu **móttækis veiðarfæraúrgangs.**
- **Fjölgun móttökustöðva úr 1 í 14**
- **Aukin fræðsluskylda**
- **Þáttaka í strandhreinsunarverkefnum**
- **Uppsegjanlegur samningur (24 mánuðir)**



**Með samningi þessum skuldbinda SFS og veiðarfæragerðir sig til að fjármagna, skipuleggja söfnun og tryggja úrvinnslu móttekis veiðarfæraúrgangs.**

**Ef hafnirnar þurfa að taka áfram við veiðarfærum – er þá SFS í raun búið að taka við framleiðendaábyrgðinni? Hvaða skyldum er í raun létt af sveitarfélögum/höfnum?**

Hver er ábyrgð hafna vegna veiðarfæraúrgangs?




---

**Við sjáum um að úrelt veiðarfæri  
séu hreinsuð, flokkuð og send til  
endurvinnslu**

---

Móttökustöðvar  
samkvæmt  
vefsíðu SFS

---



**Lúðvík Geirsson**  
**Hafnarsamband Íslands**  
**ludvik@hafnarfjordur.is**

Reykjavík, 24.10.2022

**Efni: Úrvinnsla veiðarfæraúrgangs**


Mörg fyrirtæki innan vébanda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS eða samtökin) hafa á undanförunum misserum undirritað stefnu um samfélagslega ábyrgð. Stefnan grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og tekur til ófjárhagslegra þátta í starfsemi fyrirtækjanna, meðal annars áhrifa á umhverfið og loftslagsmál. Meðal þess sem fyrirtækin undirgangast með stefnunni er að efla fræðslu um endurvinnslu veiðarfæra og sjá sjálf til þess að úrelt veiðarfæri séu hreinsuð, flokkuð og send til endurvinnslu.<sup>1</sup>

Sem liður í framangreindri samfélagsstefnu hafa samtökin, í samstarfi við íslenskar veiðarfæragerðir, tekið í notkun nýtt og endurbætt skilakerfi veiðarfæra. Til þess að stuðla að sem bestum skilum og endurvinnslu hafa samtökin jafnframt óskað eftir góðri samvinnu við Hafnarsamband Íslands við að vísa eignum á viðeigandi móttökustöðvar um land allt. Á nýlegum fundi SFS og Hafnarsambandsins til að ræða framkvæmd skilakerfisins og samvinnu var jafnframt rætt um óhirt og munaðarlaus veiðarfæri við tiltekna hafnir um landið.

Með vísan til framangreinds óskar SFS eftir því að fulltrúar viðkomandi hafna sem hafa munaðarlaus veiðarfæri á sínu umráðasvæði hafi samband við undirritaða til að ráða úr þeim vanda:

<b>Nafn:</b>	Hildur Hauksdóttir
<b>Tölvupóstur:</b>	hildur@sfs.is
<b>Sími:</b>	694-2043







# Tillögur að ályktunum

## **Veiðarfæraúrgangur**

- Hafnasambandsþing haldið í Ólafsvík dagana 27. og 28. október 2022 fagnar auknum áhuga SFS á söfnun og endurvinnslu veiðarfæraúrgangs og hvetur hafnir sem og sveitarfélög til að leita beint til SFS ef upp koma vandamál tengd veiðarfæraúrgangi.

## **Flokkun úrgangs í skipum**

- Hafnasambandsþing haldið í Ólafsvík dagana 27. og 28. október 2022 leggur til að stjórn Hafnasambandsins verði falið að hefja viðræður við Umhverfisstofnun og SFS um samræmda flokkun úrgangs í skipum með hliðsjón að nýjum lögum um meðhöndlun úrgangs sem og öðrum lögum og reglum er gilda um úrgang í skipum. Í framhaldinu er mikilvægt að leiðbeina sveitarfélögum um hvernig hægt er að innleiða samræmda flokkun í höfnun í sérstaka samþykkt sveitarstjórna um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.